



Ungmennanæing SSNE

2026

Niðurstöðuskýrsla

Maí 2026

Elva Gunnlaugsdóttir Verkefnastjóri SSNE
Þorleifur Kr. Níelsson Verkefnastjóri Farsældarráðs Norðurlands eystra



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Undirbúningur	4
Þátttakendur og framkvæmd	4
Niðurstöður	6
Hvað er ungmennaráð fyrir þér?.....	6
Hvernig er valið í ungmennaráðið í þínu sveitarfélagi?	7
Skipunartími	7
Fjöldi funda	7
Greiðsla fyrir fundarsetur	7
Eru ungmennaráðin raunverulegur þátttakandi í ákvarðanatöku sveitarfélaganna?	8
Hvernig geta ungmennaráð sveitarfélaganna haft meiri áhrif?.....	9
Hvernig ná áhrif ungmennaráða út fyrir ráðið?.....	10
Áframhaldandi starf ungmennaráða í heimabyggð	10
Ályktun Ungmennáþings SSNE 2026.....	11
Næsta ungmennáþing SSNE	12
Lokaorð.....	13
Viðauki	15

Inngangur

Ungmennáþing SSNE hefur verið haldið frá árinu 2021 með ólíkum áherslum og þemum. Góð þróun hefur átt sér stað í gegnum fyrri þing, ásamt því að Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur komið með auknum hætti inn í þennan málaflokk til styrkingar. Sambandið hélt ungmennáþing í desember á síðasta ári og hefur haldið þeirri vinnu sem hófst þar áfram með lykilmálum í starfsemi ungmennaráða um allt land.

Frá árinu 2021 hefur stjórn SSNE valið að gera Ungmennáþing SSNE að áhersluverkefni Sóknaráætlunar og setja með þeim hætti fjármagn í verkefnið svo hægt sé að hafa umgjörðina sem glæsilegasta og vinnuna sem fram fer í tengslum við þingið sem faglegasta.



Undirbúningur

Formlegur undirbúningur við ungmennaping 2026 hófst í október 2025 þegar verkefnastjórar SSNE sendu erindi á öll ungmennaráðin á Norðurlandi eystra og óskuðu eftir hugmyndum að efni fyrir ungmennapingið. Svör bárust frá ungmennaráðum Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar, Eyjafjarðarsveitar, Þingeyjarsveitar og Akureyrar. Í svörunum komu fram hugmyndir um að þingið færi fram að vori, helst í mars eða apríl, að þátttakendur væru aðallega fulltrúar ungmennaráða (u.þ.b. 13-18 ára) og að gisting og sameiginleg dagskrá styddi við tengslamyndun.

Ráðin komu einnig með tillögur að umfjöllunarefnum sem þau sáu fyrir sér að yrði fjallað um á þinginu, m.a. frístundastarf og aðstöðu ungmenna, hlutverk og áhrif ungmennaráða, geðheilbrigði og heilsugæslu, áskoranir tengdar nikótín-, koffín- og áfengisneyslu, auk umhverfis- og skipulagsmála.

Reglulegt samráð starfsfólks ungmennaráða var sett í gang og héldu verkefnastjórar SSNE mánaðarlega samráðsfundi með ofangreindu starfsfólki sveitarfélaganna. Á þessum fundum var fjallað um ýmislegt sem tengdist undirbúningi ungmennapings og starfi þessa hóps. Starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga kom á einn fundinn með umfjöllun um desemberþing sambandsins ásamt almennri brýningu fyrir fundargesti.

Alls voru haldnir fimm samráðsfundir á tímabilinu október 2025 til apríl 2026. Stefnt er að því að halda þessum samráðsfundum áfram framvegis, að undanskildum sumarmánuðum. Auk þess sem að ofan greinir var stofnaður sérstakur undirbúningshópur varðandi framkvæmd ungmennapingsins sem fundaði þéttar í aðdraganda þingsins.

Þátttakendur og framkvæmd

Þingið fór fram á Fosshótel Húsavík dagana 14.-15. apríl 2026. Í ár var tekin sú ákvörðun að aðeins ungmennaráð sveitarfélaganna gætu sótt þingið, ólíkt fyrri þingum þar sem sveitarfélög sem ekki höfðu skipað ungmennaráð sendu samt fulltrúa. Þetta varð til þess að þau sveitarfélög sem ekki höfðu skipað ungmennaráð gerðu það. Tíu sveitarfélög á Norðurlandi eystra sendu ungmennaráð eða fulltrúa þeirra á þingið sem verður að teljast gleðileg og góð niðurstaða. Þetta voru sveitarfélögin: Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit, Langanesbyggð, Norðurþing, Svalbarðsstrandarhreppur og Þingeyjarsveit. Fjöldi barna var 46 og fjöldi starfsfólks ungmennaráða var 10, auk annars starfsfólks og gestafyrirlesara.

Ákveðið var að yfirskrift Ungmennapings SSNE 2026 yrði: **Efling ungmennaráða á Norðurlandi eystra í hlutverki sínu sem virkur þátttakandi í ákvarðanatöku sveitarfélaga.**

Öll dagskrá þingsins tók mið af yfirskriftinni ásamt því að vera mótuð í samvinnu við ung-mennaráð og starfsfólk þeirra.



Sérstök áhersla var lögð á að gera þingið að viðburði sem yrði góð blanda af fyrirlestrum, borðavinnu, umræðuhópum og lifandi spurningum sem bornar voru fram fyrir gesti þingsins í gegnum forritið Slido. Þar með náðist að virkja þátttakendur ásamt því að safna hugmyndum beint frá ungmennunum sjálfum.

Ungmennaráðin voru mætt á Húsavík seinnipart 14. apríl og hófst dagskráin með samhringingu og hópefli kvöldið fyrir þingið, þar sem lögð var áhersla á tengslamyndun og að skapa jákvætt og öruggt umhverfi fyrir umræðu. Þingið var sett formlega 15. apríl og þá fór fram sú dagskrá sem var fyrirhuguð þann dag en hana má sjá í viðauka.

Dagskrá þingsins var byggð upp af stuttum erindum og kynningum sem tengdust yfirskrift þingsins og hlutverki ungmennaráða, auk vinnu í hópum. Við setningu þingsins flutti Helena Eydís Ingólfssdóttir formaður byggðaráðs Norðurlands og varaformaður stjórnar SSNE ávarp. Elva Gunnlaugsdóttir verkefnastjóri SSNE fjallaði síðan um hvað ungmennaráð eru og hlutverk þeirra. Alfa Jóhannsdóttir sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynnti niðurstöður ungmennabings Sambandsins í desember 2025. Þorleifur Kr. Níelsson verkefnastjóri Farsældarráðs Norðurlands eystra kynnti starf og hlutverk farsældarráðsins. Þá kynntu fulltrúar ungmennaráðs Akureyrarbæjar Fríða Björg Tómasdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir reynslu og vinnu ráðsins. Kristín Guðrún Eggertsdóttir meðlimur ungmennaráðs Samfés og Linda Björk Pálsdóttir sem er í stjórn Samfés sögðu frá starfi ungmennaráðsins þar, ásamt því að hafa almenna umfjöllun um starf Samfés.

Niðurstöður

Segja má að góður andi hafi verið í ungmennahópnum á þinginu og engin vandamál komu upp. Unnið var á átta borðum fyrir hádegi þar sem ráðunum var blandað saman á borðin. Séð var til þess að starfsmaður ungmennaráðs væri á hverju borði, sem sá til þess að allir tækju þátt í umræðum og útskýrði ef eitthvað væri óljóst. Þetta kom sér vel í þeirri umræðu sem skapaðist.

Takmarkið með ofangreindri borðavinnu var fyrst og fremst að ráðin sjálf fræddu hvort annað og fengju góðar hugmyndir og efni sem gætu nýst þeim á þeirra heimavelli í áframhaldandi starfi ráðanna.

Hér verða raktar helstu niðurstöður borðavinnunnar:

Hvað er ungmennaráð fyrir þér?

Þetta var fyrsta spurning dagsins og reyndist góð upphitun. Niðurstöðurnar voru fróðlegar og ungmennin virtust hafa gaman af því að sjá svörin sín birtast á skjánum.

Þegar spurt var hvort þeim fyndist ungmennaráð skipta máli svöruðu 97% að ungmennaráð skiptu máli, það gæfi ungmennum rödd og tækifæri til að hafa áhrif á málefni sveitarfélaga sem snerta börn og ungmenni.



Farið var í gegnum margar spurningar um virkni og starfsemi ungmennaráðanna, þar sem ungmennin voru að fræða hvert annað um sitt ráð. Það kom í ljós að ungmennaráðin eru komin mislangt í sinni vegferð en væntingar eru til þess að ungmennahópið og áframhaldandi vinna í heimabyggð hjálpi þeim áfram sem styst eru komin í sínu sveitarfélagi.

Hvernig er valið í ungmennaráðið í þínu sveitarfélagi?

Flestir þátttakendur sögðu að í þeirra sveitarfélagi væri kosið í ungmennaráð en einnig kom fram að sum staðar væri valið eða sótt um og síðan valið úr umsóknum. Eftir gott samtal á borðunum voru þátttakendur spurðir hvernig þau teldu best að velja í ungmennaráðin. Þá kom hins vegar í ljós að ungmennin töldu að best væri að sækja um í ungmennaráð og að starfsmaður ráðsins myndi velja úr umsóknum, líkt og við ráðningar í vinnu.

Skipunartími

Flest ungmennaráð skipa sína fulltrúa til eins eða tveggja ára í senn en þegar þau voru spurð hvað þau teldu vera heppilegur tími til að sitja í ungmennaráði svöruðu langflest tvö ár en þar á eftir þrjú ár.

Það er því ljóst að skipunartíminn þykir stuttur og erfitt virðist vera að skapa samfellu í starfinu. Hins vegar fannst ungmennunum of langur tími að skipa ungmennaráð til fjögurra ára líkt skipunartími annara nefnda sveitarfélaganna.



Fjöldi funda

Flest ungmennaráð funda tvisvar til fjórum sinnum á ári en þegar þau voru spurð um hvað þau teldu vera heppilegan fjölda funda var niðurstaðan töluvert önnur og augljóst að ungmennunum finnst ráðin funda of sjaldan.

Erfitt er að halda samfellu í starfi með fáum fundum og svara erindum frá öðrum nefndum sveitarfélaganna innan tímamarka með fáum fundum. Til að full virkni ungmennaráða náist þarf fjöldi funda að haldast í heldur við fundafjölda annarra nefnda sveitarfélaga.

Greiðsla fyrir fundarsetur

Ungmennaráðin á Norðurlandi eystra fá greitt fyrir sína vinnu. Sum sveitarfélög greiða jafnt á við aðrar nefndir sveitarfélaganna sem þykir vel gert. Fjórðungur

nefndi að sanngjarnt væri að fá sama greitt og aðrar nefndir hjá sveitarfélaginu og 37% fannst sanngjarnt að greiða 20.000-25.000 kr. fyrir hvern fund.

Hins vegar skapaðist líflæg umræða um að mögulega mætti borga aðeins minna og hafa fleiri fundi. Meirihluti ungmennanna fannst fjöldi funda mikilvægari en upphæð greiðslu fyrir fundarsetu.

Eru ungmennaráðin raunverulegur þátttakandi í ákvarðanatöku sveitarfélaganna?

Fjörug umræða skapaðist um málefni sem ungmennaráð geta haft áhrif á. Ungmennin gerðu sér grein fyrir að þau geta sjálf sett mál á dagskrá en í flestum tilfellum er það starfsfólk ungmennaráðanna sem setja mál á dagskrá.

Umfjöllunarefnin eru fjölbreytt mál sem skipta börn og ungmenni máli, erindi sem berast frá ráðum, skólum, sveitarfélögum og einnig mál sem ungmennaráðin hafa sjálft frumkvæði að. Áherslan er oft á skóla- og frístundamál, almennar ábendingar um þjónustu, umhverfi og innviði í sveitarfélaginu.

Ef skoðuð er virkni ungmennaráða, þ.e. hvort þau eru raunverulegur þátttakandi í ákvarðanatöku sveitarfélaganna, kemur í ljós að langflest ungmennaráð hafa bæði sent og fengið send erindi frá öðrum nefndum og ráðum í sínum sveitarfélögum. Erindin eru af ólíkum toga en snerta þó öll börn og ungmenni með einum eða öðrum hætti.

Sameiginleg niðurstaða var að erindunum er nær alltaf svarað en þau myndu vilja hafa betri tækifæri til að fylgja málum eftir. Hér koma dæmi um erindi sem ungmennaráð hafa sent og gefa neðangreindir punktar innsýn í það sem um var rætt á þinginu:

- **Skólamál:** Bætt námsmatskerfi, að bæta aðstöðu skólans og skólalóð til dæmis með breytingum á skólalóð og nýjum tækjum í og við skólann.
- **Samgöngur og öryggi:** Laga og bæta gangstéttar og göngustíga, aukinn snjómokstur og tillögur um hraðamyndavélar.
- **Frístundir, félagslíf og þjónusta:** Tillögur að aukinni og betri nýtingu félagsmiðstöðva, frístunda og bæta félagslífið.
- **Íþrótt- og útiaðstaða:** Bætt íþróttaaðstaða í ýmsum íþróttagreinum eins og til dæmis nýtt gervigras og körfuboltavellir, ásamt því að bæta ástand núverandi leikvalla og bæta við nýjum leikvöllum.
- **Annað í nærumhverfi:** Ný og bætt hundagerði, auk almennra ábendinga um bætt aðgengi í sveitarfélaginu.



Hvernig geta ungmennaráð sveitarfélagana haft meiri áhrif?

Skammtileg umræða skapaðist um setu ungmennaráða í fastanefndum sveitarfélaga. Ungmennin voru sammála um að slíkt væri til bóta og gæfi þeim aukin tækifæri til að hafa áhrif í sveitarfélaginu. Þegar ungmennin voru spurð um hvað þau teldu sig græða á því nefndu þau sérstaklega að vilja gjarnan koma fyrir að málum, en ekki þegar búið væri að ákveða og þau aðeins fengin til að gefa álit á málefnum sem snúa að börnum og ungmennum. Með áheyrnarfulltrúa í nefndum og ráðum telja þau sig geta haft raunveruleg áhrif í sínum sveitarfélagi.



Hvernig ná áhrif ungmennaráða út fyrir ráðið?

Rætt var um hvernig ungmennaráðin geti haft áhrif út fyrir ráðið og hvernig þau geti fengið fleiri raddir og skoðanir þeirra ungmenna sem eru ekki í ráðunum. Hér var einnig umræða um hvernig ráðin geti betur miðlað því sem þau eru að gera til annarra ungmenna. Þátttakendur lögðu áherslu á að ungmennaráðin nái til fleiri með því að vera sýnileg, vinna markvisst inni í skólum og félagsmiðstöðvum ásamt því að safna reglulega skoðunum frá jafnöldrum. Hér er horft til dæmis til nemendaráða, opinna funda eða þinga, kannana og samfélagsmiðla. Þetta fannst ungmennunum mikilvægt svo skilaboð og álit sem flestra jafnaldra þeirra komist áfram til þeirra sem ráða í viðkomandi sveitarfélagi.

Áframhaldandi starf ungmennaráða í heimabyggð

Í lok þingsins komu ungmennaráð hvers sveitarfélags saman með starfsmanni sínum til að taka saman lærdóm sinn af þinginu. Þau teiknuðu upp næstu skref hjá sínu ungmennaráði og hvað þau vilja leggja áherslu á í sínu starfi. Þetta var mjög árangursríkur endir á góðum degi. Allir fóru nestaðir heim með hugmyndir til að gera starf síns ungmennaráðs betra.

Ályktun Ungmennafélags SSNE 2026

Ungmennin sem komu til þingsins voru sammála um mikilvægi þess að rödd þeirra heyrðist strax að loknu þingi. Því var ákveðið að semja ályktun þingsins sem send var til þeirra sveitarfélaga er málið varða.

Ályktunin var einnig send til helstu fjölmiðla landsins:

Ungmennafélag SSNE 2026 skorar á sveitarstjórnir og framboð til sveitarstjórna á Norðurlandi eystra að tryggja að ungmennaráð verði virkur og eðlilegur hluti af ákvarðanatöku sveitarfélaga.

Ungt fólk vill taka þátt, láta í sér heyra og hafa áhrif – sérstaklega í málefnum sem snerta líf þeirra, aðstæður og framtíð. Ungmennaráð eru mikilvægur vettvangur fyrir slíka þátttöku og eiga ekki að vera til málamynda heldur raunveruleg rödd í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Ungmennafélagið leggur áherslu á að:

Ungmennaráð fái skýrt hlutverk og raunverulegt umboð, ungmennaráð séu höfð með í ráðum þegar fjallað er um málefni sem varða börn og ungmenni, skýrar boðleiðir séu milli ungmennaráða, nefnda og sveitarstjórna og að tekið sé mark á tillögum og sjónarmiðum ungmennaráða, með skýrum svörum og eftirfylgni.

Ungmennafélag SSNE hvetur framboð til sveitarstjórna til að gera þátttöku ungmennaráða að skýrum hluta af stefnu sinni og sýna í verki að rödd ungmenna skiptir máli. Virkt lýðræði byggir á því að ungt fólk hafi tækifæri til að hafa áhrif – ekki aðeins í framtíðinni, heldur hér og nú.



Næsta ungmennaping SSNE

Til fróðleiks voru ungmennin spurð hvar þau vilja halda næsta ungmennaping og það stóð ekki á svörum.



Einnig voru þátttakendur spurðir um hvað þau vildu gera öðruvísi eða bæta við næsta ungmennaping. Eftirfarandi punktar koma úr þeirri umræðu:

- **Meiri leikir og virk þáttaka:** Fleiri leikir, skemmtanir og meiri afþreyingu. Gera ýmis verkefni og verklegar æfingar en ekki bara sitja og hlusta.
- **Hópefli og tengslamyndun:** Meira hópefli og sérstakur tími til að kynnast betur. Til dæmis heill eða hálfur dagur.
- **Lengra þing, matur og gisting:** Hafa þingið lengur en einn dag. Gista tvær nætur. Betri matur.
- **Ferðir og útivist:** Vera meira úti; ferðir í böð, sund eða sjósund og aðrar dagsferðir.
- **Kvölddagskrá:** Halda ball eða hafa veglega kvöldvöku með fjölbreyttum skemmtiatriðum.
- **Betri upplýsingagjöf ungmennaráða:** Fleiri kynningar frá ungmennaráðunum sjálfum.
- **Umræðuefni:** Meira rými til að ræða mikilvæg málefni af meiri dýpt. Til dæmis geðheilsu barna og unglinga og ofbeldi.

Lokaorð

Ungmennafélag SSNE 2026, sýndi skýra þörf á því að ungmennaráð á Norðurlandi eystra hafi stað og stund fyrir rödd ungmenna og vettvang til þess að efla sig svo þau geti haft raunveruleg áhrif í heimabyggð, á málefni sem snerta þeirra daglega líf. Þátttaka sveitarfélaga á svæðinu og sú vinna sem fór fram í erindum, umræðum og borðavinnu staðfestir að vilji er til staðar til að efla ráðin enn frekar og styrkja tengsl þeirra við ákvarðanatöku sveitarfélaga. Á þinginu kom fram kraftur og vilji ungmennanna sjálfra til að efla eigin metnað, til þátttöku og samvinnu í starfi sínu fyrir ráðin, jöfnöldrum sínum til heilla.

Mikilvægt er að nýta þann lærdóm og þær hugmyndir sem komu fram til að auka sýnileika ungmennaráða, bæta samfellu í starfi þeirra og tryggja markvissa eftirfylgni við erindi og ábendingar inn í fastanefndir og ráð sveitarfélaga.

Nú þegar litið er yfir farinn veg er lagt til að heiti viðburðarins endurspegli betur svæðið og þátttöku sveitarfélaganna. Æskilegt er að Ungmennafélag SSNE verði **Ungmennafélag Norðurlands eystra** í framtíðinni.

Samhliða því er hvatt til þess að haldið verði áfram með reglulegt samráð starfsfólks og ungmennaráða svo að þau hafi vettvang til sjálfsefningar og tengslamyndunar í sínu faglega starfi. Hér er horft til þess að brýn þörf er á að styrkja starfsfólk ungmennaráðanna. Allir í þessum hópi er að gera sitt besta, oft í erfiðum aðstæðum, þar sem utanumhald ungmennaráðsins er aðeins lítill hluti af daglegu starfi viðkomandi. Hvað þetta varðar þurfa sveitarfélögin að horfa í eigin barm og velta fyrir sér hvort og þá hvernig hægt er að efla þetta mikilvæga faglega starf. Skýrsluhöfundar eru reiðubúnir í samtöl hvað þetta varðar, við stjórnendur og pólitíska meirihluta, sé eftir því leitað.

Einnig er mikilvægt að undirbúningur fyrir Ungmennafélag Norðurlands eystra 2027 hefjist tímanlega í samvinnu við ungmennin sjálf og starfsfólk ungmennaráða, með áherslu á enn virkari þátttöku, tengslamyndun og skýra framkvæmd.

Það var mjög ánægjulegt að gott samtál og samstarf var við starfsfólk ungmennaráða sveitarfélaganna. Skýr verkaskipting tókst í verkefninu þar sem þau báru ábyrgð á fyrri deginum með skemmtunum og hópefli en starfsfólk SSNE bar ábyrgð á þinginu sjálfu. Sátt náðist um kostnaðarskiptingu þar sem gisti- og ferðakostnaður var greiddur af sveitarfélögum en annað var greitt með styrk úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra.



Að lokum ber að þakka starfsfólki ungmennaráða sveitarfélaganna og gestum þingsins fyrir gott samstarf, sem og Fosshótelinu á Húsavík fyrir frábæra þjónustu og góða aðstöðu, Sónaráætlun Norðurlands eystra fyrir stuðninginn og að lokum Örlygi Hnefli Örlygssyni fyrir frábærar móttökur í lok dags í upptökustúdíói sínu á Húsavík þar sem nokkur ungmenni fóru á kostum.

Viðauki

Dagskrá ungmennapings SSNE 2026

Yfirskrift ungmennapings SSNE 2026: Efling ungmennaráða á Norðurlandi eystra í hlutverki sínu sem virkur þátttakandi í ákvarðanatöku sveitarfélaga.

Tímasetning: 14.-15. apríl
Staðsetning: Fosshótel Húsavík
Fjöldi: 60-70 manns
Þingstjórar: Elva Gunnlaugsdóttir og Þorleifur Kr. Níelsson frá SSNE

14. apríl

Samhristingur ungmennaráða

Starfsfólk ungmennaráða planar og sér um dagskrá dagsins

17:00 Ungmennaráð koma sér fyrir á Fosshótel Húsavík

18:00 Pizzahlaðborð

18:45 Leikir og sprell í sal Fosshótel

20:30 - 22:00 Sjöböðin (fara upp úr kl. 22) / sprell á hóteli

23:00 Allir komnir í ró

15. apríl

9:30 Setning Ungmennapings SSNE

Helena Eydís Ingólfssdóttir formaður byggðaráðs Norðurþings og varaformaður stjórnar SSNE

9:40 Hvað eru ungmennaráð?

Elva Gunnlaugsdóttir frá SSNE

9:45 Niðurstöður ungmennapings Sambands íslenskra sveitarfélaga í des 2025

Alfa Jóhannsdóttir sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

10:00 Borðavinna

10:30 Hressingarpása / Uppbrot

10:50 Borðavinna

11:10 Ungmennaráð Akureyrarbæjar

Fríða Björg Tómasdóttir og Ragnheiður Ragnarsdóttir meðlimir í ungmennaráði Akureyrarbæjar

11:25 Borðavinna

12:00 Hádegismatur

13:00 Hvað er Farsældarráð Norðurlands eystra?

Þorleifur Kr. Níelsson verkefnastjóri Farsældarráðs Norðurlands eystra

13:15 Ungmennaráð Samfés

Kristín Guðrún Eggertsdóttir meðlimur í ungmennaráði Samfés og Linda Björk Pálsdóttir í stjórn Samfés

14:00 Hressingarpása

14:15 Ungmennaráð koma saman ásamt starfsmanni til að ræða um hvað situr mest eftir frá deginum og hver eru næstu skref ráðsins í heimabyggð

15:00 Fulltrúi hvers ungmennaráðs segir stuttlega frá hver eru næstu skref ráðsins í heimabyggð

15:15 Lokaorð og ályktun þingsins
Þorleifur Kr. Níelsson frá SSNE

15:30 Ungmennaþingi SSNE slitið
Heimsókn á Eurovision safnið/upptökustúdíó og heimferð eftir það